ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands m-l 21. tbl. 5. árg. 1976

Verð 100 kr.



Í næsta tölublaði STÉTTABARÁTTUNNAR, sem kemur út laust eftir miðjan mánuðin verður m.a. efni um innanlandsástandið í Sovétríkjunum. Verður það upphafið að einskonar greinaflokki sem birtur verður í næstu blöðum um það mál, og sem afhjúpar fasismann og innanlandskúgunina í Sovétríkjunum, og sýnir fram á hvernig endurskoðunnarstefna við stjórnvölin er það sama og borgarastétt við stjórn.

Félagsfundur í Dagsbrún



Sunnudaginn 21. nóv. var félagsfundur í verkalýðsfélaginu Dagsbrún. Þetta var fyrsti fundurinn í hálft ár og voru um 150 manns á honum.

Fyrsta mál sem rætt var og samþykkt, var tillaga stjórnar um hækkun félagsgjalda, þannig að nú greiða allir 1,2% af dagvinnutekjum, sem eru um 8600 kr. á ári eftir 4. taxta. Í umræðunum kom fram, að 3000 manns greiða félagsgjöld hluta úr ári, en 5000 allt árið. Af þessu sést, að Dagsbrún er eitt stærsta verkalýðsfélagið á landinu.

Verkamaður, sem vinnur hjá Rvk.borg skýrði frá því, að allar hans mánaðartekjur, um 65 þús. kr., voru teknar í skatta og önnur gjöld, þannig að hann átti ekki einu sinni fyrir strætisvagnafari heim úr vinnunni. Í samningum er það ákvæði, að atvinnurekandinn má taka öll laun upp í skatta og skuldir nema 47 kr. sem eiga að duga fyrir strætisvagni. Benedikt Sig. Kristjánsson og Ragnar Geirdal kröfðust þess, að barist yrði fyrir því í næstu samningum að bannað væri að taka nema ákveðinn hluta launa í einu í opinber gjöld. Guðmundur J. Guðmundsson sagði, að þessi krafa BSK og RG yrði borin upp í næstu samningum.

Umræður vegna ASÍ þings voru næst á dagskrá. Eðvarð Sigurðsson kynnti stefnuskrárdrög ASÍ og þurfti hann tvívegis að biðja um þögn og athygli fundarmanna, vegna áhugaleysis þeirra á málinu. Á eftir honum hélt Guðmundur Hallvarðsson langa tölu, sem flestir fundarmanna daufheyrðust við. Síðan fór að færast líf í fundinn. GJG flutti ályktun um fordæmingu á nýja vinnulöggjafarfrumvarpinu og árásum ríkisvaldsins á kjör verkafólks. BSK og fleiri báru fram ályktun svohljóðandi: "Félagsfundur í verkalýðsfélaginu Dagsbrún, haldinn 21. nóv. '76, telur, að verkalýðshreyfingin eigi að berjast fyrir því í komandi samningum að greidd verði lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku, með ófalsaðri vísitölu." Síðan talaði hann um félagsmálin og benti á, að vegna framtaksleysis stjórnar félagsins hefði ekki verið um mikla útgáfustarfsemi. Þess vegna hefði ákveðinn hópur Dagsbrúnarmanna farið þá leið að gefa út blaðið Dagsbrúnarverkamaðurinn. Hann og fleiri fundarmenn, þar á meðal tveir menn úr stjórn félagsins, fluttu tillögu þar sem skorað er á stjórn félagsins að beita sér fyrir því að gefa reglulega út blaðið Dagsbrún og ódýr fréttablöð, þegar þörf krefði. Öllum félagsmönnum yrði að sjálfsögðu gefinn kostur á því að skrifa í blaðið og fréttablöðin.

Eðvarð Sigurðsson bar að lokum upp tillögur og ályktanir, sem komið höfðu fram á fundinum. Hann bað þá sem fluttu tillöguna um lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku að draga hana til baka, því að þessi krafa væri í stefnuskrá ASÍ. Flutningsmenn þverneituðu og töldu að þessari kröfu yrði að berjast fyrir í næstu samningum. Tillagan var síðan borin undir atkvæði og samþykkt af öllum fundarmönnum. Aðrar tillögur, sem bornar voru upp, voru einnig samþykktar með atkvæðum þorra fundarmanna. Síðan lauk fundi og dreifðu verkamenn Dagsbrúnarverkamanninum, sem fékk mjög góðar viðtökur hjá fundarmönnum.

-/bsk

Eldri félagskonur ASB haldi vinnunni

baksíðu

Fjöldauppsagnir hjá hjúkrunarfræðingum!

baksíðu

Sovétríkin í dag! Þjóðafangelsi!

bls.4



33. ÞING ASÍ

Nú hefur 33. þing Alþýðusambands Íslands hafið störf sín í Reykjavík. Fulltrúar hvaðanæva af landinu hafa safnast saman til að ræða um þá erfiðleika sem verkalýðshreyfingin á við að búa í núverandi kreppu íslenska auðvaldsskipulagsins. Fyrirhugað er að ræða um Stefnuskrá Alþýðusambandsins og að auki þá tillögu að nýrri vinnulöggjöf, sem lögð hefur verið fram til Alþingis. Þetta eru tvö veigamikil mál þingsins, og af umfjöllun þeirra og afgreiðslu má vel marka heilindi verkalýðsforystunnar og afstöðu hennar til þeirrar hörðu kjarabaráttu sem framundan er. Þegar hefur bryddað á mismunandi afstöðu til þessara mála, milli ASÍ-forystunnar annars vegar og fulltrúa frá félögum og sérsamböndum hins vegar.

Vinnubrögð ASÍ-forystunnar eru óverjandi.

Nú skyldi maður ætla, að ASÍ-forystunni væri umhugað að jafnmikilvægt plagg og stefnuskrá sambandsins færi til grundvallarlegrar umræðu meðal félagsmanna. Ef verkalýðshreyfingin hvíldi á lýðræðislegum grunni væri þessi reyndin. En forystan hefur brugðist öðru vísi við. Í stað umræðu og skoðanaskipta um stefnuskrána til þess að gera hana að sameign allra félaga ASÍ, hefur forystan farið eins leynt með tillögur sínar að stefnuskrá og unnt er og harðlega bannað að þær yrðu birtar á prenti. Þessi vinnubrögð eru allsendis óverjandi og gefa vísbendingu um, að forystunni sé ekki gefið um að almennir meðlimir verkalýðshreyfingarinnar séu að skipta

framhald á bls. 2

Landhelgismálið:

„Gagnkvæm fiskveiði réttindi"-væntanlegir samningar við EBE

Samkomulagið sem íslenska ríkisstjórnin gerði við breta í Osló í vor rennur út 1. des. n.k. Samningamakk til framlengingar veiðiheimildum breskra togara á Íslandsmiðum er þegar hafið. Hingað til lands kom fyrir skömmu danskur fulltrúi frá Efnahagsbandalaginu til að leita samninga um veiðiheimildir fyrir bandalagsþjóðirnar innan 200 mílnanna. Það eitt, að dani skuli sendur til þessarra samninga sýnir glöggt, hversu aðstæður eru breyttar frá í vor, því danir hafa sem kunnugt er ekki stundað veiðar á Íslandsmiðum.

Aðildarríki EBE sem áður börðust hatrammlegast fyrir því að fá að veiða "á opnu hafi" utan við 12 mílur frá landi hafa nú ákveðið að taka sér sameiginlega 200 mílna fiskveiðilögsögu og er öllum samningum um hana stjórnað frá Brüssel. Þannig getur EBE nú auk tollaþvingana notað auðlindir aðildarþjóða sinna og nýlendu eins og Grænlands til að braska með.

Matthías Bjarnason, sjávarútvegsráðherra, hefur margítrekað í ræðu og riti, að "samningar við EBE um gagnkvæmar veiðar" komi til greina.

En hvað fela slíkir samningar um gagnkvæmar veiðar í sér?

Það sem EBE-löndin asælast einkum af Íslandsmiðum eru þorskur á breskan markað og karfi og ufsi á þann v-þýska.

Ástand þorskstofnsins er nú þannig að það verður að minnka sóknina í hann strax. Í því sambandi nægir ekki að stöðva aðeins veiðar útlendinga heldur verður einnig að draga úr veiðum íslenskra togara. Hluta flotans verður að beina á aðra fiskistofna og þá helst á karfa og ufsa. Netabátar af Reykjanesi og víðar af Faxaflóasvæðinu stunda ufsaveiðar á vetrarvertíð. Mikill samdráttur hefur verið í þessum veiðum undanfarin ár og er vart að búast við að takist að manna nema hluta bátanna á næstu vertíð. Megin orsök þessa eru léleg kjör netasjómanna (lágt fiskverð og skiptaprósenta) samfara stöðugt minnkandi fiskgengd. Ekki kemur því til greina að auka sókn íslensra togara í ufsann nema samhliða verði stöðvuð sókn hinna þýsku. Fyrir rúmu ári síðan var álitið að auka mætti nokkuð veiðarnar á karfa. Afleiðingar liðlega tveggja ára sóknar flota 200 rússneskra verksmiðjutogara á uppeldisstöðvar karfans við Grænland eru hins vegar svo brikalegar, að það er útséð um að á næstu árum muni bætast sterkir árgangar í veiðarnar eins og fiskifræðingar höfðu gert sér vonir um. Það ætti því að vera öllum ljóst að ekki kemur til greina að láta flota EBE-landanna auka á þá ofveiði sem þegar er stunduð á miðunum.

Þau veiðisvæði sem íslendingum eru boðin í skiptum og Matthías Bjarnason hefur svo mikinn áhuga á eru Grænlandsmið og Norðursjór. Það færi vel á ef okkar ágæta ríkisstjórn gengist inná að viðhalda ofveiðinni á Íslandsmiðum með EBE-flota gegn því að fá að halda áfram hlutdeild sinni í síldardrápinu á Norðursjó. En þar er nú verið að ganga endanlega frá einum síldarstofninum enn. Ef samningar um slíkt verða nú undirritaðir þá verður það í sama mánuði og fulltrúar ísl. ríkisstjórnarinnar krefjast algerrar friðunar þessara sömu síldar á ráðstefnu N-Atlantshafsnefndarinnar, sem nú er haldin í Bretlandi.

Grænlandsmið hafa löngum haft töluverða þýðingu fyrir togarana, aðallega þá stóru. Mikil rányrkja hefur verið stunduð þar eins og raunar á

Framhald á bls 3.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT! LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

Stéttabaráttan 21. tbl
5. árg. 5/12. 1976.

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
STÉTTABARÁTTAN kemur út hálfsmánaðarlega.
Póstfang: Pósthólf 1357, Rvík.
Sími: 27810.
Ritstj. & ábm: Ólafur Ingólfsson
Gíró: 27810

"Róttækni" Alþýðubandalagsins

Undanfarnar vikur og mánuði hafa harðorð mótmæli komið frá flest öllum verkalýðsfélögum vegna þeirrar kaupránsstefnu sem nú ríkir. Verkafólk er í auknum mæli að rísa upp til andstöðu við þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár. En það er við ramman reip að draga því að mikil og djúpstæð sundrung er innan verkalýðshreyfingarinnar. Hvarvetna þar sem barátta hefst reyna pólitískir flokkar að eigna sér hreyfinguna og færa hana inn á sér hagstæðar brautir. Sérstaklega kemur þetta skírt fram hjá Alþýðubandalaginu. Það hefur mátt sjá það á síðum Þjóðviljans hvernig Alþýðubandalagið þykist standa fremst í flokki þeirra sem vilja raunhæfar aðgerðir til að verja kjör og hagsmuni verkalýðsins, en í raun hefur þetta farið á annan veg. Á sama hátt og aðrir hefur Ab. aðeins reynt að nota hreyfinguna fyrir þrönga flokkspólitíska hagsmuni sína. Þegar Ab. hefur talið að baráttan þjónaði sér ekki hafa þeir snúist gegn henni. Ljósasta dæmið um þetta er kannski hvernig Ab. snerist gegn baráttu ASB með rógi og lygum. Annað dæmi sem er nokkru eldra er það hvernig Jóni Ásgeirssyni fyrrverandi formanni Einingar á Akureyri var bolað út þegar hann neitaði að hlýða hinu flokkspólitíska valdi, en vildi þess í stað leggja til grundvallar hagsmuni verkafólksins. Gegn honum sameinuðust þá allir flokkar allt frá íhaldi til Ab. Þriðja dæmið er kannski baráttan sem háð var gegn kröfu starfandi sjómanna um að Óskar Vigfússon yrði kjörinn forseti Sjómannasambandsins. Þar kom upp sú óvænta staða að starfandi sjómenn völdu mann úr sínum röðum til að verða forseti Sjómannasambandsins og það sem meira var, þá er hann ekki fulltrúi fyrir neinn stjórnmálaflokk. Það var því mikið í húfi fyrir flokksklíkurnar að koma í veg fyrir að hann næði kosningu. Það var ekki bara íhaldið sem barðist gegn þessari kröfu sjómanna, Björn Jónsson forseti ASÍ gerði líka allt sem hann gat til að koma í veg fyrir að þetta næði fram að ganga.

Af þessum dæmum sjáum við að það eru ekki aðeins atvinnurekendur sem reyna að hamla allri baráttu verkalýðsins. Það er einnig um að ræða hættulegan óvin innan verkalýðsfélaganna, sem reynir að svæfa alla baráttu og koma henni undir flokkspólitíska hagsmuni sína. Framsækin barátta verkalýðsins verður því að standa þvert á alla flokkspólitíska hagsmuni, en taka mið af framsæknum hagsmunum verkafólksins sjálfs. Við megum ekki láta blekkjast af fagurgala Ab. eða annara því að reynslan sýnir okkur að þeir munu svíkja við fyrsta og besta tækifæri.

Til áskrifenda

Áskrifendur athugið.

Nú stendur yfir rukkunarherferð sem miðar að því að allir greiði ógreidd áskriftargjöld fram að áramótum. Áskrifendur í Reykjavík og nágrenni og í stærstu bæjum landsins verða sóttir heim af rukkunarfólki Stéttabaráttunnar, en öðrum verða sendir gíróseðlar. Það er mikilvægt að áskrifendur bregðist vel við og greiði gjaldfallnar áskriftir hið fyrsta því Stéttabaráttuna skortir fé til að greiða upp skuldir, til að kaupa tækjakost fyrir útgáfuna, til að kosta starfslið og til að leggja í prentvélarsjóð. Það er mikilvægt að fjárhagur blaðsins sé góður þegar vikublaðinu verður hleypt af stokkunum, svo við skorum á áskrifendur að greiða áskriftir sínar hið fyrsta. Í árslok verða allir sem enn eiga ógreiddar áskriftir teknir af áskriftaskránni.

Rukkun á næsta ári.


Eðlilega munu áskriftargjöld hækka verulega þegar vikublaðinu verður hleypt af stokkunum. En áskriftagjöld hafa enn ekki verið ákveðin - þau verða birt fljótlega. Á næsta ári verður rukkað á tveggja mánaða fresti, fyrir átta tölublöð í einu. Ef menn greiða ár fyrirfram verður veittur afsláttur á áskriftargjöldum. Nú verðum við líka að vera mun harðari en hingað til að taka þá sem ekki greiða áskriftagjöld sín út af skrá. Stéttabaráttan hefur ekki til annarra en kaupenda sinna að leita til að fá fé til útgáfunnar, og hver sá sem ekki greiðir fyrir blaðið eykur því á kostnað okkar og fyrirhöfn. Tökum því höndum saman um að efla blaðið fjárhagslega - en fyrsta skrefið í því er að greiða áskriftagjöld - skilvíslega.

framhald af forsíðu

33. ÞING ASÍ

sér að stefnumótun félags síns. Í rauninni er ætlast til, að fulltrúar á þinginu séu þeir einu, sem fjalla um málið og að samkvæmt ólýðræðislegri hefð, séu þeir sömu bandvönu fulltrúar sem hafa hingað til látið teyma sig þangað sem ASÍ-forystan óskar.

Í allmörgum félögum er "sjálfkjörið" á þingið og þangað fara aðeins þeir, sem forysta viðkomandi félaga hefur sjálf stungið upp á. Eru þetta fulltrúar stjórnarinnar í viðkomandi félagi? Nei, í rauninni eru þetta orðnir fulltrúar stjórnarinnar í viðkomandi félagi. Þó hafa orðið nokkrar sviptingar innan verkalýðshrefyingarinnar að undanförnu og baráttulínan sækir jafnt og þétt á. Þannig var t.d. fyrrverandi stjórn ASB felld og ný stjórn



Fjallar ASÍ þingið um hagsmuni verkafólksins eða fara þar aðeins fram pólitískir flokkadrættir.

listi -
Þannig var listi stjórnar ASB felldur og vantrausti lýst á stjórnina, fulltrúar voru valdir á ASÍ-þingið sem höfðu sýnt að þeir væru færir um að leiða baráttu mjólkurbúðastúlkna. Stjórn Sjómannasambandsins var sömuleiðis felld og baráttuglaðari stjórn tók við og búast má við, að róttækari og baráttufúsari öflum vaxi fiskur um hrygg í þeirri baráttu sem framundan er. Eitt er víst að stefnuskrá ASÍ-forystunnar er ekki stefnuskrá verkalýðsstéttarinnar, heldur plagg sem fyllt hefur verið af draumsýnum og óraunhæfum glamuryrðum.

Raunlaun verða að hækka stórlega

Reynslan hefur enn einu sinni kennt okkur dýrmæta lexíu. Í febrúar var samið um launahækkun í skömmtum og "rauðu strikin" illræmdu áttu að tryggja að kaupmáttur launa héldi sér. Stéttabaráttan benti þá á, að lengd samningstímabilsins og lág prósentuhækkun í hvert sinn myndu rýra kaupmátt stórlega og afleiðingin yrði enn frekari kjaraskerðing. Við lögðum einnig áherslu á, að "rauðu strikin" væru sýndarleikur einn, því þegar þeim nefði verið náð liði heill mánuður og stundum meira, áður en prósentuhækkunin kæmi til samræmis við verðhækkanirnar og á þeim tíma myndi vöruverð rísa óhóflega. Við erum þó ekki búin að bíta úr nálinni ennþá, því í febrúar er síðasta "rauða strikið" og eftir það mun vöruverð hækka upp úr öllu valdi, án þess að verkalýðshreyfingin fái rönd við reist. Samningarnir í febrúar voru svik, hvort sem samninganefndin var sér þess meðvitandi eða ekki. Og það eitt segir okkur, að við getum ekki lagt lífshagsmuni eða ekki. Og það eitt segir okkur, að við getum ekki lagt lífshagsmuni okkar í hendur sömu manna aftur. Það skiptir engu máli hvort þeir hafi hreinlega gert afglöp í samningunum eða svikið okkur, þeim er ekki hægt að treysta aftur. Verkalýðshreyfingin verður nú að snúa vörn upp í sókn og baráttan fyrir að endurheimta kjararýrnunina verður að tengjast baráttunni fyrir mannsæmandi vinnudegi. Þess vegna verður krafa verkalýðshreyfingarinnar að vera: lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku.

Allar aðrar kröfur eru óraunhæafar og allt tal um hliðarkröfur er hreinlega fjandsamlegt verkalýðshreyfingunni, eins og málin standa nú. Það verður gegn ASÍ-forystunni eða ekki. Þetta er niðurstaða láglaunaráðstefnunnar og þetta er krafa sem Dagsbrún samþykkti á síðasta fundi sínum. Kommúnistar hafa lagt fram þessa kröfu fyrir lifandis löngu og bent á lengd vinnudagsins, sem aðalástæðuna fyrir því, að auðvaldinu tekst jafnauðveldlega og raun ber vitni um að pressa raunlaunin niður. Raunlaunin verða að hækka stórlega og það verður að gerast á grundvelli 40 stunda vinnuviku, og launin verða að vera vísitölutryggð.

Snúist ASÍ-þingið gegn þessari meginkröfu verkalýðsstéttarinnar, merkir það aðeins að þingið hefur snúist gegn lífshagsmunum stéttarinnar. Það er mælikvarði á afstöðu verkalýðsforystunnar til stéttabaráttu íslensks auðvalds og verkalýðs.

Verður vinnulöggjöfin samþykkt á ASÍ-þinginu?

Tillaga sú að nýrri vinnulöggjöf, sem liggur fyrir Alþingi er bein árás á kjör og réttindi íslensks verkafólks. Þar er ekki einasta verið að auka og styrkja afstkipi ríkisvaldsins af kjaradeilum, heldur líka vegið að verkfallsréttinum. Afskipti ríkisvaldsins af kjaradeilum, tákna að þriðji aðilinn - ríkið - kemur fram sem sáttasemjari. En í raun getur ríkisvaldið aldrei verið hlutlaust gagnvart baráttu stéttanna. Þvert á móti er það tæki ríkjandi stéttar til að annast heildarhagsmuni hennar. Þess vegna eru hugmyndir um að ríkið standi ofar stéttunum eða sé hlutlaust, afvegaleiðandi og hættulegar. Ríkisvaldið er fjandmaður verkalýðsins.

En þrátt fyrir þessa augljósu atlögu að réttindum verkafólks sem nýja vinnulöggjöfin er, virðist ýmislegt benda til þess, að ASÍ-forystunni hafi verið falið það verkefni að sætta verkalýðshreyfinguna við hana og hindra baráttu gegn henni. ASÍ-forystan hefur enn ekki sett fram sannfærandi málflutning gegn vinnulöggjöfinni, né heldur opinberað afstöðu sína fyllilega til þessa máls. Má vera að hún bíði átekta, þar til á þingið er komið og leggi þar fyrst til atlögu. En verkalýðsfélög og sérsambönd hafa þegar rætt og tekið harðlega á móti henni. Róðurinn verður því þungur fyrir ASÍ-forystuna í þessu máli og vonandi fæst fram víðtæk andstaða gegn setningu nýrrar vinnulöggjafar. Verði vinnulöggjöfin samþykkt á þingi og verkalýðshreyfingin beygir sig undir hana, táknar það óhjákvæmilega að vígstaða verkafólks hefur versnað til muna og búið er að slá vopnin úr hendi þess að nokkru, áður en baráttan hefst fyrir alvöru. Baráttan gegn vinnulöggjöfinni er prófsteinn á hvort verkalýðshreyfingin megnar að rísa upp sameinuð gegn auðvaldinu eða hvort hún lætur svikula forystu sína leiða baráttuna til ósigurs.

ASÍ-forystan ætlar sér einræði í verkalýðshreyfingunni

Orsökin fyrir því, að ASÍ-forystan lítur hýru auga til nýju vinnulöggjafarinnar og fer svo laumulega með nýju stefnuskrána sína, er sú, að hún ætlar sér að efla miðstýringu verkalýðshreyfingarinnar og brjóta hana undir vald sitt algerlega. Eina tryggingin gegn þessari fyrirætlan foringjanna, er að verkafólk sameinist um að brjóta nýju vinnulöggjöfina á bak aftur og hafni allri miðstýringu sem miðar að því að taka samningsvöldin úr höndum félaganna sjálfra. Baráttu gegn auðvaldinu er ekki hægt að heyja, nema til komi viss skipulagning, þessi skipulagning er að miklum hluta til verkalýðsfélögin. Og ef þau verða gerð að áhrifalausum og ólýðræðislegum samtökum, sem sinna engu öðru en innheimta félagsgjöldin, þá er barátta verkalýðsins illa á vegi stödd.

Kommúnistaflokkur Íslands m-l leggur mikla áherslu á það í öllu starfi sínu að endurvekja baráttuhefðir verkalýðshreyfingarinnar og gera verkalýðsfélögin að raunverulegum baráttutækjum gegn auðvaldinu. Til þess að brjóta afturhaldslög borgarastéttarinnar á bak aftur, þarfnast verkalýðurinn verkalýðsfélaganna og hann verður svo sannarlega að hreinsa til í mörgum þessara félaga. Við höfum ekkert að gera við ónothæfa og síngjarna, huglausa eða hægfara foringja. Verkalýðshreyfingin þarfnast baráttufúsrar forystu, sem sameinar ósveigjanleika og varkárni. ASÍ-þingið er engin forysta stéttarinnar, það er í rauninni fjandsamlegt hagsmunum hennar, á meðan sjónarmið manna eins og Björns Jónssonar, Eðvarðs Sigurðssonar og þeirra nóta ráða ferðinni. Við þörfnumst þeirra ekki í baráttunni, við þörfnumst sameiningar og þeir eru hindrun á vegi hennar.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Rauðu stjórnunnar. Lindarg. 15
Akureyri: Nanna Rögnvaldsd. Byggðavegi 88.
Suðurnes: Jónas H Jónsson Holtsgötu 26. Njarðvík, sími 2641
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.
Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.

Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM
Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

Sovétríkin afhjúpuð á Olympíuleikunum

Á sama hátt og allt annað félagslegt starf, hvort sem það er við framleiðslu eða tómstundaiðju, þjónustu eða skemmtanir, einkennir samvinna og vinátta sósíalískar íþróttir. Sannur sósíalisti ber ekki eiginhagsmuni fyrir brjósti, og hann lítur ekki svo á að markmiðið með starfi hans sé að auka honum frægð, fé eða frama, heldur lætur vináttu, samstarf og félagslegan árangur ráða. Gagnstætt íþróttaiðkun í kapitalískum ríkjum, eru íþróttir í sósíalískum ríkjum í senn skemmtun, skóli og pólitískur viðburður.

Í Sovétríkjunum á tíma Leníns og Stalíns var þetta leiðarljós sovéskra íþróttamanna, og í Kína og Albaníu í dag er þetta viðhorf til íþrótta í framkvæmd. Menningarbyltingin í Kína dýpkaði enn skilning sósíalista á því að markmið íþrótta á að vera að þjóna alþýðunni og vera tæki til að uppræta borgaralegan hugsunarhátt, eigingirni og metorðagirni.

Við skulum skoða Olympíuleikana og Sovétríkin út frá hinu sósíalíska viðhorfi til íþrótta.

Þrátt fyrir áróður heimsvaldastefnunnar fyrir Olympíuleikana um að leikvangur þeirra væri vettvangur "bræðralags og vináttu" þar sem "pólitískt þras' ætti ekki heima, endurspegla Olympíuleikarnir ástandið í heiminum, þar sem nokkur heimsvaldasinnuð stórveldi kúga og arðræna þriðja heiminn. Á Olympíuleikunum komu heimsvaldasinnarnir fram sem heimsvaldasinnar og byltingarsinnar fram sem byltingarsinnar.

Hvergi afhjúpast þetta betur en hjá Sovétríkjunum, og ekkert afhjúpar betur hinn gatslitna "sósíalíska" kyrtil sem þeir þykjast bera til að fela auðvalds klæðin. Keppendur Sovétríkjanna, þjálfarar, fararstjórar og aðrir starfsmenn sýndu berlega í keppninni þjóðrembinginn, einstaklingshyggjuna og framagirnina sem hefur verið barið inn í þá allt frá endurreisn kapitalisma í Sovétríkjunum. Dæmin eru mýmörg, en við skulum líta á nokkur:

o Sovétríkin studdu þá ákvörðun Alþjóðaolympíunefndarinnar að leyfa liði Nýja-Sjálands að keppa þrátt fyrir íþróttasamskipti Nýja-Sjálands við fasistana í S-Afríku. Þannig lögðust Sovétríkin gegn fjöldamótmælum á leikunum gegn kynþáttakúgurunum í S-Afríku, en eins og kunnugt er drógu fleiri en 30 lönd þriðja heimsins keppendur sína til baka í mómælaskyni.

o Sovétríkin neituðu að styðja kröfuna um að liði taiwanfasistaklíkunnar yrði vísað af leikunum, og Alþýðulýðveldinu Kína boðið. Í stað þess réðust Sovétríkin gegn Kína og sögðu að það væri sök þeirra sjálfra hvernig komið væri, og þeir gætu bara keppt við hlið Taiwan. Þetta er ekkert annað en opinber stuðningur við kenningu bandarísku heimsvaldastefnunnar um tvö Kína.

o Sovéskir þjálfarar voru staðnir að því að reyna að komast að baktjaldasamkomulagi um skiptingu verðlauna í dýfingum milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Alla dýfingakeppnina var kvartað yfir hlutdrægum niðurstöðum sovésku dómaranna, og þeirra bandarísku líka.

o Sovéski fjórþrautarmeistarinn, Boris Onischenko, einn frægasti og um leið ríkasti íþróttakappi Sovétríkjanna (Hetja sovéskra íþrótta eins og það heitir á máli sósíalheimsvaldasinna) var tekinn fyrir svindl í skylmingum. Hann hafði komið fyrir í ermi sér rafeindatæki sem truflaði stigatöfluna og gaf honum stig þegar hann átti engin stig að fá.

o Fimleikastjarnan Olga Korbut, sem öðrum fremur ber með sér einkenni borgaralegrar "stjörnuímyndar" réðist harkalega gegn rúmönsku fimleikastúlkunni Nadiu Comaneci eftir að hún sigraði í fimleikakeppninni. Korbut skældi af vonbrigðum og reiði þegar einhver fékk betri dóm en hún í æfingunum, og hún vefengdi opinberlega dómnefndina þegar Nadia sigraði og sagði að hún sjálf væri best. Veslings litla súperstjarnan.

o Léttvigtarboxarinn, David Tarosyan, sem er einn fremsti boxari Sovétríkjanna var dæmdur frá keppni eftir að hafa slegið kúbanska boxarann Ramon Duvalon nokkrum sinnum vísvitandi fyrir neðan beltisstað, og þannig slasað hann svo hann varð að hætta keppni. Þetta var eitt ljótasta og grófasta brot sem nokkur íþróttamaður framdi á Olympíuleikunum, en allt gert til að Sovétríkin fengju fleiri gull.

Fjölmargir keppendur þriðja heimsins voru á einu máli um að sovésku keppendurnir væru þeir grófustu sem þeir hefðu keppt við, og greinilegt væri að þeim væru kennd "dirty tricks" og fantabrögð.

Þeir sem séð hafa kínverska eða albanska íþróttamenn keppa og bera það saman við keppendur kapitalísku ríkjanna hafa fyrir augum samanburð á tveimur þjóðfélagskerfum og tveim pólitískum línum í afstöðunni til íþrótta.

Eins og fyrr segir er vináttan sett í fyrirrúm keppni. En kínverjar segja, að á sama hátt og annars staðar, sé stéttabaráttan lykilhlekkurinn í íþróttum, sérstaklega á alþjóðlega sviðinu. Kínverski heimsmeistarinn í borðtennis, Chuang Tse-tung, missti titil sinn vegna þess að hann neitaði á sínum tíma að keppa við fulltrúa Lon Nol-klíkunnar í Kambódíu. Þannig afhjúpaði hann að fulltrúi Lon Nol-klíkunnar var enginn fulltrúi kambódísku þjóðarinnar, heldur fulltrúi leppstjórnar bandarísku heimsvaldastefnunnar. Berið þetta viðhorf saman við það viðhorf Sovétríkjanna, að á leikunum í Moskvu 1980 verði "engin pólitík" og Sovétríkin muni ekki taka til greina að pólitík og íþróttum verði blandað saman.

Sósíalískir íþróttamenn reyna ekki að slasa andstæðing sinn til að vinna verðlaunapening, né viðurkenna þeir þegjandi kynþáttamisrétti og kúgun gagnvart þjóðum Afríku til að halda "friðinn." Olympíuleikarnir láta okkur kommúnistum enn eitt sönnunargagnið í hendur um að Sovétríkin eru í dag sósíalheimsvaldasinnað kapitalískt ríki.

-/ÓI



Á Olympíuleikunum neyttu sósíalimperíalistarnir allra bragða til að fá sem flest gullverðlaun. Sovéskum íþróttamönnum var gefið örvandi lyf til að auka afrekin. (mynd úr norska blaðinu Klassekampen).

Frá vinnustöðum

Verkalýðsfélögin eiga ekki einungis að skrifa niður samninga sem forystumenn þeirra gera við atvinnurekendur. Þau eiga einnig að sjá um að þeim sé örugglega framfylgt.

Þetta er öllum ljóst en til eru atvinnurekendur sem notfæra sér bæði kunnáttuleysi verkamanna og hve eftirlitið er lélegt. Þeir þverbrjóta samningana og þeim líðst það jafnvel um langan tíma. Til dæmis sviku eigendur Sindrastáls verkamenn í brotajárninu við Sundahöfn um frítt fæði í 5 ár. Og á Gúmmívinnustofnunni h/f er vinna í kaffitímum orðin sjálfsagður hlutur sé mikið að gera, án nokkurra hlunninda fyrir verkamenn. Þessi dæmi eru áreiðanlega ekki einstök. Við verðum að vera vakandi fyrir árásum atvinnurekenda á lágmarks mannréttindi okkar.

-/GHB

framhald af forsíðu

Landhelgismálið:

allflestum miðum N-Atlantshafs, þó hefur ekki keyrt um þverbak fyrr en sovéski verksmiðjuflotinn hóf þar veiðar eins og áður er getið. Svo mikil umskipti hafa orðið þar á nokkrum árum að í dag tala togarasjómenn um dauðan sjó þar sem áður voru hin gjöfulustu fiskimið. En það er samdóma álit íslensks alþýðufólks að um það eigi ekki að semja við forkólfa EBE í Brüssel. Það breytir engu þótt hingað sé sendur "danskur maður" frá EBE. Íslendingar hafa ávallt litið svo á að Grænlandsmið séu ein af auðlindum grænlenskrar alþýðu og tilheyri henni einni. Þegar grænlenskri alþýðu hefur tekist að brjóta af sér ok dönsku nýlendukúgaranna, verða þjóðir þessara landa að semja um það sín á milli hvernig skynsamlegast megi nýta þá fiskistofna sem er að finna í hafinu milli þeirra.

(Þessi grein er fyrsta greinin í röð greina um landhelgismálið sem mun birtast í Stéttabaráttunni á næstunni. Í næsta blað verður m.a. fjallað nokkuð um nýútkomna "Grá-skýrslu" fiskifræðinganna um þorskstofninn)

Rvk. 24.11.76

Kröfluævintýri

Það er orðið mikið vafamál hvort Kröfluvirkjun muni hefja rafmagnsframleiðslu á fyrri hluta næsta árs. Auk þess eru þær raddir farnar að heyrast að Kröfluvirkjun muni aldrei bera yl og birtu yfir norðlendinga. Allt hefur gengið á brauðfótum síðan gos hófst í des. 1975. Fyrst var ákveðið að taka aðeins 30 megawött af 60 í notkun um áramót ´76 - ´77. Nú þegar rúmur mánuður er til stefnu fæst aðeins brot af þeirri gufu upp úr borholunum sem þarf til að keyra aflvélarnar. Eins og ástandið er í dag er hér um að ræða 5-10 mw. Reynt hefur verið að skýra þetta með því að svæðið sé í "óeðlilegu ástandi", þetta óeðlilega ástand er reyndar það að goshætta hefur aukist stöðugt síðari hluta þessa árs. Og vinnsluborholur reynast nú hver á fætur annarri ónýtar. Sá illi grunur er þó farinn að læðast að sumum að gufuöflunarmöguleikar séu ekki mikið meiri en það sem kemur upp í dag. Það er því dýrt spaug að komast að þessu núna, þegar búið er að byggja stöðvarhús, kaupa vélar o. fl. Þetta líkist all ískyggilega síldarævintýrinu hér fyrr á árum.

Vísindalegar undirbúningsrannsóknir hafa verið allt of litlar, og þær rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið gerðar um leið og aðrar framkvæmdir. Vinnsluholur og rannsóknarholur t.d. þær sömu. Rannsóknir í sambandi við hugsanlega mengun hafa verið í algeru lágmarki (affalls vatn í Mývatn, eitrunaráhrif af völdum brennisteinssýru) Rannsóknir hefðu átt að eiga sér stað í nokkur ár áður en meiri háttar verklegar framkvæmdir hefðu hafist. Það hefði þurft að fylgjast með breytingum á efnasamsetningu vatnsins og gufunnar á svæðinu í nokkurn tíma áður en vélakaup voru ákveðin. Raunin var sú að persónulegur kunningsskapur forkólfanna var látinn ráða valinu, afleiðingin sú að gufan skyldi sniðin eftir vélunum en ekki öfugt. Allur þessi framkvæmdahraði hefur verið með óeðlilegasta móti og fær almenningur hér á landi að súpa seyðið af því á næstunni í stórhækkuðu rafmagnsverði.



Ævintýramenn

Þeir einu sem græða á þessu brölti eru umboðsmenn erlendra verksmiðja (vélar o. fl), verktakafyrirtæki og framkvæmdaaðilar. Verkamenn og aðrir sem unnið hafa við framkvæmdir sjá ef til vill allt erfiði sitt fara í súginn. Mannvirkin í Kröflu verða ef til vill dýrasta minnismerki fjármálaspillingar íslenskrar borgarastéttar. Þokkaleg níðstöng það.

Lélegur aðbúnaður verkamanna

Á meðan framkvæmdir á Kröflusvæðinu hafa staðið hefur aðbúnaður verkamanna þar verið hlægilega lélegur.

Í fyrsta lagi hafa þeir búið þar við stöðuga lífshættu síðan hætta á gosi jókst verulega. Nauðsynlegar varúðarráðstafanir litlar sem engar og skipulag björgunaraðgerða fálmkenndar og litlar. Tómstundaaðstaða þessara manna engin. Þegar svefnskála vantaði síðastliðið sumar sá Kröflunefnd ástæðu til að byggja lúxus-bústað fyrir sig og hjörð sína, til að halda drykkjuveislur í þau fáu skipti sem þessir herrar láta sjá sig þarna. Fannst þeim þá tjöld nógu góður bústaður fyrir verkamennina og kvörtuðu sáran undan heimtufrekju þeirra. Þess þarf ef til vill ekki að geta að kaup þarna er smánarlega lágt miðað við þann langa vinnudag sem tíðkast við Kröflu.

Orkuskortur á Norðurlandi hefur verið notaður til að rétt læta þennan óeðlilega framkvæmdahraða, en það er ekki aðaltilgangur þeirra sem um taumana halda, að tryggja almenningi næga raforku til húsahitunar og ljósa. Í einni orkuspá sem iðnaðarráðherra lét gera var skipting raforku frá Kröflu þannig: 75% til stóriðju, 25% til almenningsnotkunar. Til hverra er verið að biðla hér? Jú, til erlendra auðhringa í líkingu við Alusuiss, Elkem og Union Carbide. Tilgangur að reisa hér annað álver eða álbræðslu. Menn skyldu hafa það í huga að þessi iðjuver nota raforku í miklu magni en hana vilja auðhringarnir ekki kaupa nema á lágu verði þá undir framleiðsluverði. Til að endar nái saman verður almenningur látinn bera kostnaðinn af öllu ævintýrinu í stórhækkuðu raforkuverði.

Nei, það er ekki að tryggja norðlendingum birtu og yl sem vakir yfir þessum herrum.

-/HGP

Sovétríkin í dag: þjóðafangelsi

Sovétríkin eru þjóðafangelsi. Samkvæmt skýrslum Amnesty International eru ekki færri en 10 000 pólitískir fangar í fangabúðum, fangelsum og geðveikrahælum Sovétríkjanna og sennilega mikið fleiri. Andstaðan gegn kúguninni er enn veik, en hún vex. Sovésk alþýða mun ekki þola þetta ástand öllu lengur.

Hér á Íslandi hefur andstaða menntamannanna verið í fréttum. En það hefur lítið verið í fréttum að háð hafa verið fjöldaverkföll gegn kúguninni: Í Leníngrad voru 20 000 starfsmenn síma- og skeytaþjónustunnar í verkfalli í febrúar. Á sama tíma og 25. þing flokksins var haldið var dreift flugblöðum um Stalíngrad þar sem glæpaverk fasistaklíkunnar sem stjórnar Sovétríkjunum voru fordæmd. Á sama tíma voru fangar í fangabúðum í Moldavíu, Úral og Síberíu í hungurverkfalli. Í vor voru verkföll í Riga og Irkutsk. Herinn hefur hvað eftir annað verið kallaður út til að brjóta á bak aftur andófsaðgerðir alþýðunnar gegn verðhækkunum, kjaraskerðingum og skorti á lýðréttindum.



Hersýning sósíalheimsvaldasinna

Pólitískir fangar ekki til í Sovétríkjunum

Það er engin furða þótt talsmenn sovétstjórnarinnar neiti því að til séu pólitískir fangar í landinu: Samkvæmt sovéskum lögum eru pólitískir fangar ekki til. Árið 1960 voru sett lög sem settu jafnaðarmerki milli póllitískra fanga og þeirra sem fangelsaðir höfðu verið fyrir afbrot samkvæmt almennri hegningarlöggjöf. Að vera í pólitískri andstöðu við sovétstjórnina er í dag glæpur á sama hátt og það er glæpur að fremja þjófnað eða fjársvik.

Stjórnarskrá Sovétríkjanna á að tryggja sovétborgurum mannréttindi svo sem málfrelsi, prentfrelsi, funda- og félagafrelsi. En samkvæmt almennum hegningarlögum eru þessi ákvæði stjórnarskrárinnar þverbrotin. Tvö ákvæði sem notuð eru til að ógilda stjórnarskrána varða "Andsóvéskan áróður og starfsemi" og "Skipulagða starfsemi með það fyrir augum að vinna gegn ríkinu og taka þátt í and-sovéskri starfsemi." Það var samkvæmt þessum ákvæðum sem rithöfundarnir Daniel og Sinjavski voru dæmdir 1966.

Ný ákvæði sett

En dómstólarnir áttu í erfiðleikum með að sanna "andsovéska starfsemi" svo bæta varð við almenna hegningarlöggjöf ákvæðum sem auðveldara var að nota: "Að dreifa rangindum sem skaða sovéska ríkið og þjóðfélagsskipan" og Skipulagning eða þátttaka í hópum sem trufla lög og reglu." Þessum ákvæðum var m.a. beitt 1968 þegar fimm manns voru dæmdir fyrir að mótmæla innrásinni í Tékkóslóvakíu á Rauða torginu. Dómstólarnir litu á vígorð þeirra, "Niður með hernámsmennina", "Frelsi til handa Dubchek" og "Fyrir frelsi þeirra og okkar" sem falsanir sem vanvirtu sovéska ríkið og þjóðfélagskerfið.

Í Sovétríkjunum eru til reglugerðir um hvernig handtökur, húsrannsóknir og fangelsanir eigi að fara fram. En þær reglugerðir eru oft brotnar. Samkvæmt reglugerðum má ekki halda mönnum í gæsluvarðhaldi meira en 9 mánuði meðan mál þeirra er rannsakað. En pólitískir fangar þurfa oft að dúsa í 12-14 mánuði í einangrun, án leyfis til að tala við ættingja, lögfræðinga eða senda bréf. Þeir sem lenda í þessu beinlínis "hverfa" og dómskerfið hefur enga upplýsingaskyldu.

Sá ákærði hefur rétt til að velja sjálfur lögfræðing sér til varnar. En fyrir þá sem sæta ákærum um ólöglega pólitíska starfsemi eru þetta bara forms atriði. Samkvæmt lögum lögfræðingasambandsins í Sovétríkjunum verður viðkomandi lögfræðingur að vera "hrein fyrirmynd í afstöðu sinni til sovéskra laga", þ.e. hann verður að vera "þægur". Enda eru 60% lögfræðinga meðlimir eða á leið inn í sovéska kommúnistaflokkinn.

Eru lögfræðingarnir heiðarlegir?

Það sem gildir fyrir lögfræðinga sem taka að sér "vörn" pólitískra fanga er að hegða sér eins og "sovétlögfræðingi ber." Þeir eiga sem sagt ekki að ganga of langt í vörn sinni fyrir skjólstæðing sinn. Það er algengt í pólitískum málum að vörnin er litlaus og treg, og að lögfræðingarnir viðurkenna ásakanirnar sem bornar eru skjólstæðing þeirra á brýn og fara fram á væga refsingu í stað náðunar.

En það finnast dæmi um það að lögfræðingar hafa háð baráttu fyrir að skjólstæðingur þeirra hafi verið náðaður. B. A. Zolotuchin sem varði Alexander Ginsburg í Moskvu 1968 krafðist algerrar náðunar. Fimm mánuðum eftir réttarhöldin var hann rekinn úr kommúnistaflokknum og honum bannað að iðka lögfræðistörf framar.

En það hefur aldrei komið fyrir að réttarhöld hafi sýknað pólitískan fanga af ákæruatriðum.

Eru það eingöngu háværir menntamenn sem eru pólitískir fangar í Sovétríkjunum? Hér á vesturlöndum lesum við einungis um þekkta rithöfunda og vísindamenn. En um aðgerðir alþýðunnar heyrum við næstum ekkert. Sovéskir fjölmiðlar þegja og réttarhöldin fara fram fyrir luktum dyrum. Sovésk alþýða hefur engin tengsl við vestræna fréttaritara - en það þýðir ekki að hún verði ekki fyrir barðinu á ofbeldinu.

Verkfallsmenn hnepptir í fangelsi

24. febrúar sl. fóru verkamenn við símaþjónustu Leníngrad í verkfall. KGB var fljótt á vettvang, og leiðtogar verkfallsmanna voru handteknir. Þeir voru dæmdir til margra ára hegningarvinnu í fangabúðum og "endurhæfingar" Hversu margir hafa hlotið slíka dóma er ekki vitað, en sennilega eru þau tilfelli sem vitað er um aðeins "toppurinn á ísjakanum."

Fyrir pólitíska fanga eru tvenns konar refsingar: Fangelsi eða vinnu búðir. Af tvennu illu eru fangelsin verri. Refsingarnar eru á fjóra vegu: Venjuleg, þung, þyngri og sérstaklega þung. Í fangelsunum er um að ræða venjulega refsingu og þyngri refsingu. Samkvæmt nauðungarvinnulöggjöfinni skulu fangabúðir og fangelsi, auk þess að refsa mönnum, endurhæfa þá. Þetta á að gerast gegnum vinnu: "Í vinnunni þroskast bestu eiginleikar mannsins. Það er einnig í gegnum þjóðfélagslega nauðsynlega vinnu sem hægt er að endurhæfa sakamenn," eins og sovésk hugmyndafræði orðar það.

Nauðungarvinnan erfið og slítandi

En vinnan er ekkert annað en hörð refsing. Ekkert tillit er tekið til líkamlegs ástands viðkomandi fanga, og öryrkjar eru settir við hlið fullfrískum mönnum við erfiðisvinnu. Nokkrir fangar í fangabúðum í Moldavíu sendu hjálparbeiðni til Alþjóða rauða krossins 1971 þar sem sagði m.a.: "Gamlir og útslitnir líkamir margra þola ekki þennan mikla vinnuhraða. Það kemur fyrir að menn detta dauðir niður við vinnuna. Aðeins þeir sem eru 100% öryrkjar þurfa ekki að vinna."



Tékknesk alþýða grýtir sovéska innrásarliðið.

Kröfur um afköst aukast stöðugt. Fangi sem vann við að gera símatæki sagði að á einu ári og hálfu hefðu kröfur um afköst aukist úr 4 tækjum yfir daginn í 14. Það sem notað er til að knýja fangana áfram við vinnuna er hótun um að ef þeir vinni ekki verði matarskammtur þeirra minnkaður. Kennisetning kommúnismans: "Sá sem ekki vinnur skal ekki mat fá" er gerð að öfugmæli til að kúga þá sem lítils mega sín.

Ónægur matur

Það sem alvarlegast er, er að fangarnir eru stöðugt hálfsveltir. Í bréfi frá fangabúðum í Moldavíu í mars 1974 lýsti fangi kosti dagsins þannig: "Í morgunverð eru tveir bollar af vatnsgraut. Í hádegisverð eru tveir bollar súpu með rotnu káli í og tvær sleifar af grjónum. Í kvöldmat eru tvær sleifar af sams konar grjónum og þorskbiti, ekki stærri en eldspýtustokkur."

Fangarnir hafa áætlað að þeir fái daglega milli 2200 og 2600 kaloríur í mat, en áætluð þörf manna sem vinna erfiðisvinnu er 4500-5000 kaloríur á dag. Í hegningarlögum sovétstjórnarinnar segir að "Kosturinn geti verið breytilegur... og hann fari eftir eðli þeirrar vinnu sem fanginn vinnur og afstöðu hans til vinnunnar." Þetta þýðir ekkert annað en að heimild sé fyrir hendi til að refsa fanga með því að þrengja kost hans ef hann er ekki yfirvöldunum að skapi. Lélegt og ónægt fæði veldur því að flestir fangar þjást af magasári og vannæringu.

Heilsugæsla lítil sem engin

Fangarnir fá lítinn og lélegan mat. Vinnan er oft erfið og slítandi, og loftslagið (sérstaklega í Síberíu) er erfitt að þola. Margir þeirra sem sleppa út eru örkumlamenn á eftir. En hvernig er sjúkraþjónustu háttað?

Opinberlega segir að "vinnubúðafangar skuli njóta fullkominnar heilbrigðisþjónustu." Lögum samkvæmt skal hvert fangelsi og hverjar fangabúðir hafa sjúkrastofu eða stærri sjúkradeild, skurðstofu, lyfjabúð og rannsóknarstofu. En bókstafurinn er eitt, raunveruleikinn annað. Refsistofnanir eru ekki beint aðlaðandi vinnustaður fyrir lækna í Sovéríkjunum, og því eru þær oftast mannaðar með nýútskrifuðum læknakandidötum sem starfa með aðstoð "bartskera", þ.e. illa mentuðum aðstoðarmönnum sem vinna við almenna heilsugæslu í fangabúðum án þess að hafa nokkra háskólamenntun í læknavísindum. Mikill skortur er á öllum lyfjum og áhöldum. Í bréfi frá fanga í fangabúðum í Úral frá 1973 segir: "Heilsufarið er mjög bágborið. Flestir fanganna eru að afplána 15 - 20 ára dóma, og margir þjást af magasári, berklum og hjartasjúkdómum. Eina sjúkrahúsið sem hægt er að leita til er í 60 km fjarlægð og þangað verður að flytja menn í sendiferðabíl eftir ótrúlega slæmum vegum. Sjúkrastofan hér er ekki búin einföldustu lyfjum eða áhöldum."

Það eitt að tala við lækni er erfitt. Langar biðraðir, ótrúleg skriffinnska til að fá viðtal, og fljótaafgreiðsla án þess að reynt sé að lækna menn. Fangarnir liggja undir stöðugum grun um að þeir séu að tilkynna sig veika til að sleppa við vinnu, og til eru fjölmörg dæmi að menn látist vegna þess að veikindum þeirra er ekki sinnt. Auk þessa er úrskurður lækna um ástand sjúklings aðeins ráðgefandi - stjórn fangabúðanna verður að staðfesta meðferð sjúklings. Það eru til mörg dæmi um það að tilmæli lækna um sjúkrahúsvist til handa sjúklingi hafa verið sniðgengin af stjórn fangabúðanna, og sjúklingurinn hefur látist.

Lög sovétstjórnarinnar gefa heimild til að láta lausa fanga ef þeir eru haldnir alvarlegum sjúkdómum. En dæmi um að lögunum hafi verið beitt á þann hátt eru ekki til. Um hitt eru dæmi, að erfiðir fangar hafi verið settir á geðsjúkrahús.

Hve margir sitja inni á geðsjúkrahúsum vegna pólitískra skoðanna er ekki vitað. Fjölda þeirra er mjög erfitt að áætla því þeir eru einangraðri og dómur þeirra er ótímasettur.

Ef "sýnt er fram á" að fangi sé veill á geði, er hann um leið gerður algerlega réttlaus. Þá eru engin réttarhöld og þá er hægt að halda honum inni eins lengi og yfirvöldunum sýnist.

Geðveikrahælin - svívirða sem ekki á sinn líka

Það er alls ekki óalgengt að lesa um það hér á vesturlöndum að einn eða annar andófsmaður hafi lent á geðveikrahæli í Sovétríkjunum. Sá úrskurður sem geðlæknar sovétstjórnarinnar kveða upp er venjulega á þá leið að viðkomandi "sé haldinn árásarhneigð" "sé geðklofi" o.s.frv., en alltaf er því hnýtt aftan í að "viðkomandi sé hættulegur umhverfi sínu." Það eru fáir til frásagnar um hvernig meðferð pólitískir fangar sem læstir eru inni á geðveikrahælum Sovétríkjanna fá, en þó hefur frést til vesturlanda lítið eitt um hana:

Meðferðin sem menn fá er misjöfn. En eitt fá allir pólitískir fangar að reyna: Þeir eru algerlega einangraðir frá umheiminum, og þeir eru ofurseldir miskunnarlausum fangavörðum og villimannslegri "endurhæfingu" sem er ekkert annað en hreinar pyntingar.

Frásagnir hafa borist af óheyrilegri notkun hættulegra lyfja sem valda þeim sem þau eru neyddir til að taka stórskaða, jafnt líkamlegum sem andlegum. Menn eru gerðir geðveikir með lyfjum. Önnur pyntingaraðferð er svokölluð "votinnpökkun". Viktor Feinber, pólitískur fangi í Sovétríkjunum, skýrði svo frá um þessa pyntingaraðferð: "Sjúklingurinn er vafinn inn í rök lök. Hann er vafinn eins fast og mögulega er hægt með lökunum. Þegar lökin þorna kremst líkaminn allur eins og hann væri í skrúfstykki og sjúklingurinn missir oft meðvitund. Öll deildin getur heyrt kvalaópin frá fórnarlambinu. Til eru dæmi um að maður hafi sætt þessari meðferð í 10 daga í röð."

Á síðustu árum hefur þekktustu andófsmönnum í Sovétríkjunum verið sleppt, eða dómar þeirra mildaðir vegna þrýstings frá vesturlöndum. Sumir hafa verið reknir í útlegð. En yfirgnæfandi meirihluti pólitískra fanga býr enn við sömu kúgunina og ekkert hefur breyst fyrir þá. Það er því mikilvægt að halda baráttunni gegn fasisma sovétstjórnarinnar áfram uns hann hefur verið brotinn á bak aftur.

(Byggt á skýrslu Amnesti International um pólitíska fanga í Sovétríkjunum og upplýsingum frá Hsinhua News Service).

Dagvistunar samtökin stofnuð

Fóstrur, foreldrar og fleiri aðilar hafa stofnað með sér samtök til að berjast fyrir úrbótum í dagvistarmálum. Samtökin eru öllum opin og byggjast á einstaklingsaðild. Eftirfarandi tillaga að starfsgrundvelli var samþykkt á stofnfundinum:

I. Skipulag samtakanna er eftirfarandi:
a) Stjórn kosin á aðalfundi. Hana skipa fimm menn og skipta þeir með sér verkum eftir þörfum.
b) Almennir félagar starfa í starfshópum eftir getu. Starfshóparnir vinna eftir stefnuskrá samtakanna. Starfshóparnir eru ýmist stofnaðir af stjórn eða myndaðir á félagsfundum.
c) Félagsgjald er 500 kr. á ári eða hærra að vild félaga. Aðalfundur ákveður félagsgjald.

II. Markmið samtakanna:
Aðalmarkmið samtakanna er að öll börn á forskólaaldri eigi rétt á dagvistun.
Samtökin telja dagvistun þessara barna forsendu fyrir jafnrétti til náms og starfs. Meginástæður þessarar afstöðu eru tvær. Annars vegar eru börnin í eðlilegum félagssamskiptum við önnur börn í dagvistun og hins vegar eiga báðir foreldrar rétt á að sækja vinnu. Af þessu leiðir að samtökin berjast fyrir fleiri og betri dagvistunarheimilum og bættri starfsaðstöðu starfsfólks þeirra.

III. Kröfur:
Af markmiðum samtakanna leiðir að þau setja fram eftirfarandi kröfur:
a) Fleiri dagvistarheimili. -Öll börn eiga rétt á dagvistun.
b) Nýbyggingar og frágangur: 500 millj. úr ríkissjóði strax.
c) Engar hækkanir á dagvistargjöldum - fast hámarksgjald.
d) Færri börn á hvern starfsmann - aukin vellíðan og þroski.

IV. Aðgerðir:
Samtökin leggja á það aðaláherslu, að treysta verði á samtakamátt fjöldans, fremur en gerðir einstaklings eða ráðamanna í komandi baráttu. Samtökin álíta að ríkisvaldið og bæjar- og sveitarfélög eigi að bera kostnað dagvistar að mestu leyti og beina því kröfum sínum og baráttu að þeim aðilum. Samtökin munu nota fjölmiðla og standa fyrir ýmsum aðgerðum, svo sem undirskriftasöfnunum, fundum, kröfugöngum o.fl., til að koma skoðunum sínum á framfæri.



Herstöðvaandstæðingar í Smáíbúðahverfi

Síðan í miðjum ágúst s.l. hafa herstöðvaandstæðingar í Smáíbúða- og Bústaðahverfinu í Rvk. starfað í hverfahóp. Það var álit hópsins að honum bæri að starfa sjálfstætt að áróðurs- og útbreiðslustarfi í hverfinu. Vann hann því af fullum krafti að undirbúningi kvöldvöku eftir landsráðstefnu herstöðvaandstæðinga. Á meðan nær ekkert efni kom frá miðnefnd til hverfahópsins sömdu félagar innan hans og æfðu samfellda dagskrá um leyniskýrslurnar frá bandaríska utanríkisráðuneytinu fyrir kvöldvökuna. Auk skipulagningar kvöldvökunnar seldu hverfahópsfélagar happdrættismiða í hverfinu og dreifðu auglýsingu um kvöldvökuna. Alls munu um 15 manns hafa tekið þátt í virku undirbúningsstarfi að meira og minna leyti.

Teljum við hverfahópsfélagar frumraun okkar á þessu sviði því hafa tekist nokkuð vel hvað skipulagningu og starfsvilja snertir.

Kvöldvakan var haldin í nýja Þjóðviljahúsinu að kvöldi þess 24. Tókst hún mjög vel og góður andi var hjá fundargestum. Sérstaklega var gerður góður rómur að dagskránni um leyniskýrslurnar og er í bígerð að flytja hana á fleiri stöðum.

Reynslan af kvöldvökunni getur sýnt herstöðvaandstæðingum tvennt.

Í fyrsta lagi er virkt og sjálfstætt áróðursstarf sem þetta tvímælalaust réttur starfsgrundvöllur fyrir hverfahópana. Aðeins á þann hátt að herstöðvaandstæðingar verði þekktir í hverfinu sem starfandi eining út á við, er möguleiki á að stækka hreyfinguna og virkja þann baráttuanda sem kom fram í 15. maí-göngunni.

Í öðru lagi sýnir kvöldvakan að ekki er hægt að treysta á Þjóðviljann og Alþýðubandalagið í þeirri baráttu sem fram undan er. Þjóðviljinn sýndi frumkvæði hópsins lítinn áhuga, þó að við hefðum lagt á það mikla áherslu að hann auglýsti kröftuglega. M.a. þess vegna var fjöldi fundargesta alls ekki nógu mikill - eða um 50 manns. Eftir kvöldvökuna minntist Þjóðviljinn ekkert á fundinn. Var það hins vegar vilji okkar yrði öðrum hópum hvatning til dáða.

Við í hverfahópnum erum enn starfsfús og hyggjumst halda áfram á sömu braut og við byrjuðum. Hvetjum við alla einlæga herstöðvaandstæðinga til að taka þátt í starfi okkar. Hægt er að tilkynna sig til þátttöku í síma herstöðvaandstæðinga: 17966.

-/HB

ÚR DAGSBRÚNAR VERKAMAÐURINN

Lífvœnleg laun fyrir fjörutíu stunda vinnuviku

var krafa láglauna ráðstefnunnar

Sunnud. 14/11. 1976. var haldin láglaunaráðstefna á vegum Verkakvennafélagsins Sóknar. Öðrum verkalýðsfélögum var einnig boðin þátttaka en aðeins ASB svaraði þátttökutilboðinu, þó mættu forystumenn Dagsbrúnar og Iðju á fundinn. Mikil samstaða ríkti meðal láglaunafólks og krafa þess var stutt og laggóð: <u>Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku.</u> Það kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar fámennur skoðanahópur flutti "taktíska" tillögu að eigin eigin sögn um 100 þúsund kr. lágmarkslaun fyrir vinnandi fólk sem er svipuð aðferð og ASÍ beitti í síðustu kjarasamningum og við vitum öll afleiðingarnar. Einstaka menn ráku eiginhagsmunapólitík með persónuskítkasti í garð forystumanna verkalýðsfélaganna og ASÍ, en sú baráttuaðferð þjónar engum tilgangi nema skemma fundinn, því verkalýðs mál verða <u>aldrei</u> leyst með einstaklingshyggju heldur á <u>grundvelli fjöldabaráttunnar</u> og samstöðu verkalýðsins. Standi forystumenn verkalýðsfélagann a utan við eða gegn þeirri baráttu hafa þeir afhjúpað sig en fyrr ekki og verða þá umsvifalaust settir af. Dæmi um það eru fyrrverandi forystumenn Sjómannasambandsins. Þess má geta að Óskar Vigfússon nýkjörinn formaður SSÍ. þakkaði launafólki veittan stuðning í baráttu sjómanna gegn bráðabirgðalögunum.

Samstaðan á fundinum var einörð og því er mikið verkefni fyrir höndum hjá forystumönnum verkalýðsfélaganna að skipuleggja á vinnustöðum baráttu fyrir lífvænlegum launum fyrir 40 stunda vinnuviku og gegn vinnulöggjöfinni. Ráðstefnur og fundir eru til að efla og skipuleggja störf og síðan að sjá um framkvæmd þeirra.

Rauða Stjarnan Bókabúð

Lindargötu 15 Reykjavík
sími 27810
pósthólf 1357

SKÁLDSÖGUR OFL. EFTIR ÍSL. HÖFUNDA

Þórbergur Þórðarson	Frásagnir	ób	kr. 2640
----------"--------	Bréf til Láru	-	3000
----------"--------	Ofvitinn	-	3360
----------"--------	Í Unuhúsi	-	1200
----------"--------	Einum kennt - öðrum bent kilja	-	1440
Halldór Laxnes	Sjálfstætt fólk	-	3000
------"-------	Heimsljós	-	2900
------"-------	Alþýðubókin	-	1090
Jóhannes úr Kötlum	Tregaslagur	-	1200
--------"---------	Vinarspegill	-	1320
--------"---------	Ný og nið	-	700
--------"---------	Ljóðasafnið	stk. -	2400
Halldór Stefánsson	Sextán sögur	-	1200
Ólafur Jóh. Sigurðss.	Speglar og fiðrildi	ób -	420
-------"---------	Hreiðrið	-	2280
-------"---------	Teningar í tafli	ób -	420

ERLENDAR SKÁLDSÖGUR OFL.

Gorkí	Kynlegir kvistir	-	1920
N. Ostrovski	Hetjuraun	-	1680
Jeh Tsjún-tsjen	Fjallaþorpið	ób -	1100
Faulkner	Griðastaður	-	1750
Morris	Blómin í ánni	ób -	720
Wright	Svertingjadrengur	-	1440
Asturias	Forseti lýðveldisins	-	1180
Bergmann	Viðreisn í Wadköping	-	1080
Yang Mo	Brennandi æska	-	1100
B. Traven	Flökkulíf	ób -	600
J. Steinbeck	Þrúgur reiðinnar I-II	-	3400
H. Kirk	Þrællinn	ób -	600
V. Panova	Sagan af Serjoza	-	840
Lú Hsun	Mannabörn	-	950
Stancu	Berfætlingar I - II	-	1440
Maó tun	Flæðilandið mikla	-	1115
Kuo mo-jo	Óðurinn um glóaldinlundinn	-	
Polevoj	Saga af sönnum manni	-	960
J. Fridegård	Lars Hård	ób -	400
Pastovski	Mannsævi 1-4	stk -	1200
J. Hasek	Góði dátinn Svejk	-	1050

FRÁ KÍNA

Maó-merki 5 teg. á kr. 100, 150, 200 og 300 stk
Silkimyndir af frumkvöðlum marxismans stk kr. 800

Selected Works of Mao-Tse tung I.-IV.		ób -	360
Maó Tse-tung	Poems	-	300
------"-----	Poems	ób -	115
Learning from Tachai	myndskreytt	-	600
Tibet today	-----"-----	-	800
Sports in China	-----"-----	-	500
Chinese acrobatics	-----"-----	-	300
Sögur úr frelsisstríðinu, myndskreyttar teiknibækur fyrir unglinga		stk. -	70

ENNFREMUR fjöldi annarra bóka og bæklinga. Við sendum ókeypis bóka- og hljómplötulista ef þið óskið

FRÁ ALBANÍU

Enver Hoxha	Speeches 1969-1970	kr.	300
-----"-----	Speeches 1971-1973	-	300
History of the Party of Labor of Albania		-	600
The Party of Labor of Albania in battle with modern revisionism		-	450
Albania Today	tímarit		

HLJÓMPLÖTUR

Hljómplötusending á leiðinni - verður auglýst sérstaklega

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Meginkrafan í mjólkurbúðamálinu:
Eldri félagskonur ASB haldi vinnunni



Eins og kom fram í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar, voru lagðir fram tveir listar innan ASB til ASÍ-þingsins, listi stjórnarinnar annarsvegar, og listi baráttufúsra afgreiðslukvenna undir forystu Lilju Kristjánsdóttur hins vegar. Síðarnefndi listinn sigraði með miklum mun, og af því tilefni hafði Stéttabaráttan samband við Lilju, og hún spurð hvað fulltrúar ASB hygðust gera í sambandi við mjólkurbúðamálið á þinginu.

Lilja sagði að meginkrafa mjólkurbúðakvenna í dag væri að Mjólkursamsalan héldi áfram rekstri 25 búða í 5 ár, svo að a.m.k. eldri félagskonum yrði tryggð atvinna. Allar stúlkurnar fengu uppsagnarbréf þann 1. nóv. síðastliðinn, og jafnframt tilkynningu um að M.S. hygðist ekki breyta í neinu áætlun sinni um lokun búðanna. Nú þegar er búið að loka 2 búðum í Hafnarfirði, 1 í Kópavogi og 5 í Reykjavík. En útlitið er síður en svo gott, eins og sést á því að um 40 konur eru á skrá hjá atvinnumiðlun Reykjavíkur, og hér er um að ræða 150-160 konur sem kunna að bætast við í febrúar. Þess vegna er þessi krafa sett fram. "Á þinginu munum við reyna að fá stuðning hinna aðildarfélaga ASÍ við þessa kröfu, og gefa henni þannig meiri slagkraft" sagði Lilja, "og að öðru leyti munum við fylkja okkur með þeim félögum sem berjast fyrir betri kjörum verkafólks". Annars á alveg eftir að leysa vandamál stúlknanna eftir lokun búðanna, bæði hvað varðar atvinnu og lífeyrissjóð þeirra. Kaupmenn hafa talað um að þeir geti tekið á móti 59 1/2 konu, en alls eru konurnar í kringum 160, auk þess finnst kaupmönnum stúlkurnar hafa of hátt kaup. Í sambandi við lífeyrissjóðinn, hefur aðallega verið rætt um að fá lífeyrisþegaaldurinn lækkaðan úr 70 og niður í 65 ár, en að öðru leyti ríkir enn sama óvissan og áður. 5 manna nefndin sem kosin var innan ASB til að sjá um samninga í máli þessu hefur nú ritað öllum þingmönnum Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis bréf, þar sem þeir eru hvattir til stuðnings og að taka þetta mál upp á þingi. Vænta stúlkurnar þess að það verði til einhvers þeim til bóta.

SAMSTAÐA MEÐAL VERKAFÓLKS

LK og félagar hennar úr ASB sátu láglaunaráðstefnu Sóknar sem haldin var 14.11. STB. spurði hana hvernig ráðstefnan hefði tekist. Sagði Lilja að hún hefði tekist mjög vel að því leyti að þar kom fram samstaða meðal verkafólks, og viðleitni til að styrkja verkalýðsfélögin. Einnig hafi þetta verið góður undirbúningur fyrir ASÍ-þingið, og því hefði sú gagnrýni sem kom fram í Þjóðviljanum, þess efnis að ráðstefnan hafi ekki verið tímabær vegna komandi þings ASÍ, á engan hátt átt rétt á sér. En annars kom þetta henni ekki á óvart, því þetta svokallaða "málgagn verkalýðsins" hafi á allan hátt reynt að brjóta niður baráttu mjólkurbúðakvenna. Það kom m.a. fram í viðtali við formann ASB í kringum kosningarnar til ASÍ-þingsins, að einhver "utanaðkomandi öfl stæðu að baki lista Lilju og félaga, sem væru að kljúfa félagið". Þá bar frásögn Þjóðviljans af útifundi og kröfugöngu samstarfsnefndarinnar gegn lokun mjókurbúða fyrirsögnina "Of seint", og þar með beinlínis hvatt til uppgjafar. Sagði Lilja að lokum að þær væntu mikils af komandi þingi, og þá sérstaklega í því að fá stuðning verkalýðsfélaganna.

ISJ/-

7. þing Flokks vinnunnar

7. þing Flokks vinnunnar í Albaníu var haldið í byrjun nóvember. Enver Hoxha aðalritari flokksins, flutti skýrslu miðstjórnar til þingsins, en þar var einnig samþykkt 6. fimmáraáætlunin í uppbyggingu hinnar sósíalísku Albaníu. Þinginu lauk þann 9. nóvember, daginn eftir að 35 ára afmæli flokksins var haldið hátíðlegt um allt landið.

6. fimmáraáætlunin felst í þessum meginverkefnum, að mati þingsins: sósíalískri uppbyggingu landsins verði hraðað til þess að breyta hinni sósíalísku Albaníu í iðnaðarlandbúnaðarland með háþróuðum iðnaði og landbúnaði, í samræmi við regluna að byggja á eigin frumkvæði og að efla frekar á alhliða hátt efnahagslegt sjálfstæði landsins. Að efla frekari þróun sósíalískra afstæða milli framleiðslu og yfirbyggingar. Að styrkja alræði öreiganna. Að efla varnarmátt landsins. Að hækka efnisleg og menningarleg lífsskilyrði hins vinnandi fjölda, og minnka mismuninn milli borga og sveitar. Þetta verður að gera á grundvelli stöðugrar þróunar stéttabaráttunnar og með því að kalla fram afl og mátt fólksins undir forystu flokksins."

7. flokksþing Flokks vinnunnar er mikill sigur í sögu hinnar hetjulegu albönsku verkalýðsstéttar. Íslenskir kommúnistar fagna þinginu, það er ekki aðeins sigur fyrir albanska alþýðu, heldur fyrir verkalýð alls heimsins.

Fjöldauppsagnir hjá hjúkrunarfræðingum

Hjúkrunarfræðingar á Vífilsstöðum hafa sagt upp starf sínu með þeim þriggja mánaða fyrirvara sem ráðning þeirra gerir ráð fyrir. Auk þess hefur ríkið skyldað þá til að vinna neyðarvaktir í aðra þrjá mánuði. Allir hjúkrunarfræðingar nema þrír taka þátt í þessari fjöldauppsögn og auk þess hefur heyrst að hjúkrunarfræðingar á Landakoti og á Landsspítalanum að einhverju marki hafi líka sagt upp. Það sem athygli vekur, er að formaður Hjúkrunarfræðingafélagsins hefur farið á milli sjúkrahúsa og reynt að fá með blíðmælum, fortölum og hótunum, hjúkrunarfræðinga ofan af fyrirhuguðum uppsögnum. M.a. hefur formaðurinn reynt að sá efa í brjóst hjúkrunarfræðinga, með því að telja þeim trú um að félag hjúkrunarfræðinga sé um það bil að fá verkfallsrétt og því myndu fjöldauppsagnir nú, verða til þess að hindra að þær næðu verkfallsrétti. En þetta er rangfærsla, því að verkfallsrétturinn verður takmarkaður við stjórn BSRB og aðildarfélögin fá ekki verkfallsrétt, hvert fyrir sig. Sömu leiðis hefur að sögn hjúkrunarfræðingum hótað því, að Vífilsstaðir verði lagðir niður og sjúklingarnir annað hvort fluttir á aðra spítala eða sendir heim. Vonandi láta hjúkrunarfræðingar svona hótanir ekki á sig fá, en herðast bara í afstöðu sinni að berjast gegn kjaraskerðingunum. Ekkert aðildarfélag BSRB fær verkfallsrétt, nema það berjist fyrir honum, dagar bænaskránna liðu með danska valdinu.

Rauða Stjarnan Bókabúð

Lindargötu 15 Reykjavík
sími 27810
pósthólf 1357

RAUÐA STJARNAN er eina bókabúðin á landinu sem hefur að markmiði að efla og styrkja baráttu verkalýðsins og allrar alþýðu. Þess vegna verða allir framsæknir einstaklingar að styðja Rauðu stjörnuna.

Þessi auglýsing er ætluð sem pöntunarmiði fyrir þá sem vilja fá bækur og annað sent til sín gegn póstkröfu. Ætlunin er að birta framvegis slíkar auglýsingar í Stéttabaráttunni og fá þá viðskiptavinir Rauðu stjörnunnar þannig yfirlit yfir það sem verslunin hefur á boðstólum.
Allar bækur eru innbundnar nema sérstaklega sé tekið fram
GEYMID AUGLÝSINGUNA

Merkið x við þær bækur sem þið óskið eftir að kaupa - við sendum í póstkröfu um allt land.

VERK FRUMKVÖÐLA MARXISMANS Á ÍSLENSKU

Marx/Engels	Kommúnistaávarpið	kr.	960
-----"-----	Úrvalsrit I. bindi	-	1900
	II. bindi	-	1700
V. Lenín	Ríki og bylting ób	-	1200
		-	1680
----"---	"Vinstri" róttækni ób	-	1200
		-	1680
----"---	Hvað ber að gera ? ób	-	1200
		-	1680
----"---	Heimsvaldastefnan ób	-	1200
		-	1680
----"---	Heimsvaldastefnan og klofningur sósíalismans		200
Stalín	Grundvöllur lenínismans		840
Maó Tse-tung	Ritgerðir I-III stk.	-	1800

UM FRUMKVÖÐLANA

Krupskaja, Gorki og Úljanova	Endurminningar um Lenín	-	1440
J. T. Murphy	Stalín	-	2500

HEIMILDARRIT OG SÖGUBÆKUR

Kristinn E. Andrésson	Enginn er eyland	kr.	1500
-------"---------	Um ísl. bókmenntir	-	4200
Gunnar M Magnús	Ár og dagar	-	1920
Jón Rafnsson	Vor í verum ób	-	840
Hendrik Ottósson	Vegamót og vopnagn.	-	1000
Gunnar Benediktsson	Skriftamál uppgjafaprests	-	1200
-------"----------	Stungið niður stílvopni	-	1200
Magnús Kjartansson	Bak við bambustjaldið	-	1080
-------"----------	Víetnam	-	1080
Sverrir Kristjánsson	Ræður og riss	-	2280
Einar Olgeirsson	Ættarsamfélag og ríkisvald	-	2160
-------"--------	Vort land er í dögun	-	1440
Björn Þorsteinsson	Enska öldin	-	2160
Jón Guðnason	Skúli Thoroddsen I. b.	-	3000
	II. b.	-	3840
Huberman	Saga auðs og stétta		

BÆKUR/BÆKLINGAR FRÁ VERKALÝÐSFORLAGINU

Hvað vill KFÍ/ML, stofnþing KFÍ/ML	kr.	500
Gegn vinnulöggjöf auðvaldsins	-	200
Um flokkinn	-	300
Reynslan af kjarabaráttunni	-	150
Söngbók verkalýðsins	-	400
Rauði fáninna, ársfjórðungsrit lausasala	-	200

AÐRAR BÆKUR Á ÍSLENSKU

Jón Þorleifsson	Nútímakviksetning	kr.	600
Kóreuskýrslan	Um glæp USA	-	350
Ho Chi Minh	Fangelsisljóð	-	850
Afstaðan til Stalín			
		-	200
Brecht	Ljóð um leikhús	-	700
Örn Ólafsson	Kommúnismi eða kreddutrú	-	500